

Samantekt úr endurmati á starfsemi deilda á Norðurbergi fyrir skólaárið 2012-2013

Haustið:

- **Aðlögun** nýrra barna gekk vel og almenn ánægja með þátttökuaðlögunina. Aðlögun milli deilda gekk líka mjög vel. Áhersla var lögð á að vinna strax að því að koma ró á deildir og koma yngstu börnunum inn í rútínu dagsins. Börnum var almennt skipt niður á milli svæða og lokað á milli og að á hverju svæði væri alltaf starfsmaður. **Deildarstjórar allra deilda eru hvattir til að skipuleggja leikinn með þessum hætti, minnka hávaða og auka þar með vellíðan barna og starfsmanna.** Í upphafi og lok dags héldu starfsmenn perlum, púsli, pinnum, litum og blöðum að börnunum og voru harðar á því að þau kláruðu þau verkefni sem þau voru byrjuð á áður en þau byrjuðu á nýju. Með þessu vildum starfsmenn auka einbeitingu barnanna og úthald. Eftir útiveru voru yngri börnin tekin inn á undan þeim eldri þannig að nægur tími vannst til að skipta á bleium áður en eldri börnin komu inn. Annar útistarfsmaðurinn kom inn með þeim.
- **Dagur íslenskrar náttúru** var í septemeber. Allir settu niður haustlauka á þessum degi. **Á haustfundi deildarstjóra á að skipuleggja fyrirfram á hvaða svæði hver deild setur sína lauka niður.** Þannig er hægt að koma í veg fyrir að allir séu að gróðursetja á sömu stöðum í lóðinni. Stefnt að því að kveikja upp í eldstæðinu og syngja saman á næsta ári.
- **Árlegur foreldrafundur** var haldinn var 19. september. Góð mæting var á fundinn og gekk hann mjög vel. Ekki var bakað á öllum deildum fyrir fundinn þetta árið. **Á næsta ári eiga allar deildir að baka og þegar starfsmenn kynna sig segja þeir örlítið meira frá sér, t.d. menntun sinni og hvað þeir hafa starfað lengi í leikskólanum..**
- **Hjóladaður** var 21. september og gekk hann vel. Börnin komu með hjólin sín í leikskólann og hjóluðu á þeim innann lóðar.
Börnin á Klettaborg og Birkibóli koma ekki með hjól að heiman.
- **Brunaæfingar** fóru fram 2., 3. og 4. október og gengu þær ágætlega. Smá hnökrar komu upp sem voru lagfærðir jafnóðum. **Ákveðið að frá og með næsta skólaári skyldum við æfa viðbrögð við jarðskjálfta í leikskólanum, þar sem við búum á miklu jarðskjálftasvæði. Þetta verður í vikunni 14.-18. október. Anna Borg og Gunnhildur fara í málið.**

- **Dagur Sameinuðupjóðanna** var 24. október. Sett var upp sýning í anddyri leikskólans, þjóðfánar allra barna og starfsmanna í leikskólanum voru hengdir upp og boðið var upp á sænskar kjötbollur. Við hlustuðum á tónlist frá ýmsum löndum þessa viku, t.d. af disknum *Vísnaþók heimsins*.
- **Bangsadagurinn** var 26. október og gekk hann vel. Börnin komu með bangsana sína og við borðuðum bangsabrauð í nónhressingu.

Vetur:

- **Vinavika** var vikuna 5. - 9. nóvember. Lögð var árhersla á að ræða við börnin um mikilvægi vináttunnar. Við ræddum jafnframt um tilfinningar við börnin og veltum fyrir okkur hvernig líðan okkar væri við mismunandi aðstæður. Börnin bjuggu til vinnu hjórtu sem hengd voru upp tvö og tvö saman og einnig bjuggu þau sér til vinnuarmönd. Við enduðum vinavikuna á að fara í vinnuöngu í kringum leikskólann með luktir og buðum fjölskyldum barnanna með. **Á næsta ári ætlum við að hafa yngri börnin á undan svo gangan verði þéttari og allir gangi í takt.**
- **Þjóðhátíðardagur Póllands** var 11. nóvember og þar sem hann kom upp á sunnudegi þetta árið héldum við hann hátíðlegan mánudaginn 12. nóvember. Samvera var í Kastala þar sem Anna Majewska las fyrir börnin og pólska fánanum var flaggað. Börnin fengu pólska köku í nónhressingu. Dagurinn heppnaðist vel og var að okkar mati vel skipulagður.
- **Dagur íslenskrar tungu** var föstudaginn 16. nóvember. Þá komu börn úr Vífistaðaskóla í Engidal og lásu fyrir okkur inni í Kastala. Þegar þau höfðu lesið fyrir börnin þá tóku allir lagið saman. Einnig söng kór elstu barna nokkur lög, m.a. *Á íslensku má alltaf finna svar, Buxur, vesti, brók og skór og Gangan er erfið*. Myndir við vísurnar voru settar á glærur og sýndar á meðan sungið var. Elstu börnin á Lundi unnu lítið bókaþorn með myndskreyttum ljóðum og smá fræðslu um Jónas Hallgrímsson. Á völdum stöðum í leikskólanum voru settar upp myndir og munir sem tengjast skáldinu og ljóðum þess. Við fengum ljóðabók með frumsömdum ljóðum og líkan af fjalli að gjöf frá gestum okkar. Vikuna 12. -16. nóvember var svo bókaþorn hjá okkur, þá fengu börnin að koma með bækur í leikskólann að heiman og við einbeittum okkur að lestri þá viku. **Ítreka það enn betur að hafa bækurnar eftir íslenska höfunda, á ábyrgð deildarstjóra.**

- **Leikhús** var í boði foreldrafélagsins þann 29. nóvember. Að þessu sinni sáum við leiksýninguna; „Pönnukakan hennar Grýlu.“ Sýningin var algerlega frábær og höfðu bæði börn og fullorðnir mjög gaman af.
- Haldið var upp á 30 ára **afmæli leikskólans** 30. nóvember. Við hittumst inni í Kastala kl. 10:30 og vorum þar með gestum sem boðið hafði verið í afmælið. Eftir samveruna fórum við inn á deildir og fengum ávexti af hlaðborði sem hafði verið útbúið fyrir okkur. Við fengum pizzur að borða í hádeginu þann dag og muffins í nónhressingu. Okkur fannst muffinskökurnar heldur stórar og voru mjög fáir sem kláruðu þær 😊 Klukkan 15:30 komu foreldrar í heimsókn og fengu brauð og djús hjá okkur. Að lokum var öllum safnað saman við eldstæðið við Lund þar sem Bella var með gítarinn. Dagurinn tókst mjög vel og var vel skipulagður. Gott að dreifa hátíðardagskrá yfir allan daginn.

Desember:

- **Foreldrakakó** var haldið 11. desember. Boðið var upp á heimabakaðar piparkökur og mandarínur. Mæting var góð og gekk allt vel. **Frá næsta ári verður boðið uppá mjólkurkakó.**
- **Jólaball** var haldið í Kastalanum 14. desember. Það gekk mjög vel. Það var mjög gott að fá pizzu í matinn þennan dag, þar sem það krefst ekki mikils undirbúnings að okkar hálfu. **Muna að biðja jólasveininn að gefa sér góðan tíma með börnunum.**
- Tveir elstu árgangarnir fóru í **Sívertsenshús** í desember og gekk það mjög vel. Allaf jafn hátíðlegt að heimsækja þetta fallega hús í jólabúning.
- **Jólamatur** var 18. desember, hátíðlegt á öllum deildum.
- Við gáfum **Einbúa** graut 20. desember og þá las Anna Borg *Jólagrautinn* fyrir börnin. Daginn eftir var athugað með grautarskálina og í henni voru þakkarorð frá leynivinum okkar. Sama dag kom fulltrúi frá Rauða Krossinum og tók við peningum í barnastarfið sem safnast hafði í árlegu flöskusöfnuninni okkar.

Janúar:

- **Prettándagleðin** var haldin 7. janúar. Allir komu saman í Kastala og jólin voru sungin út. Við teljum að hægt hefði verið að skipuleggja daginn betur. Ekki var ljóst hverjir áttu að stjórna, starfsmenn voru ekki vissir um hvaða lög ætti að syngja og börnin kunnu ekki lögina sem sungin voru. **Frá næsta**

ári ætlum við að að syngja jólin út með jólalögum sem allir kunna og við verðum við eldstæðið. Allir verða með grímur.

- **Bóndadagur** var 25. janúar og voru börn og starfsmenn búin að búa til víkingahjálma sem merktir voru börnunum með rúnalettri, þeir komu vel út. **Á næsta ári verður boðið upp á djús í nónhressingu í stað mjólkur þar sem boðið er upp á síld og egg ofl.**
- **Ömmu- og afadagurinn** var 30. janúar. Við buðum ömmum og öfum í morgunmat (hafragraut og slátur) til okkar og var mæting mjög góð. **Frá næsta skólaári bjóðum við öðrum úr fjölskyldunni að koma ef afi og amma komast ekki.**
- **Dagur leikskólanna** var mánudaginn 7. febrúar, þá buðum við foreldrum í morgunmat til okkar. Boðið var upp á hrökkbrauð, ost og heimagerð marmelaði a la Anna kokkur. Búið var að útbúa „slideshow“ með myndum af börnunum og var það látið rúlla á meðan foreldrar voru í heimsókn. Mæting var mjög góð og áttum við mjög notalega stund með börnum og foreldrum.
- Fyrir **bolludag** gerðum við bolluvendi úr dagblöðum og á **öskudegi** mættu allir í náttfötum og fengu andlitin máluð. **Lundarbörnin fengu að vera í furðufötum og voru þau mjög ánægð með þá nýjung og verður það áfram í boði fyrir Lundarbúa.** Kötturinn var sleginn úr tunnunni og var börnunum skipt niður í þrjá hópa í þetta skiptið. Klettaborg og Birkiból voru saman, Álfasteinn og Tröllagil voru saman og Lundur var sér. Deildirnar sáu um að útbúa kassann fyrir sitt fólk. Þegar kötturinn hafði verið sleginn úr tunnunni fengu öll börnin snakkpoka. Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út. Þar sem ekki öll börnin borða bollur verður boðið uppá **hafrakex eða annað.** Börnum með mjólkurofnæmi langar mikið í rjóma á bolluna sína og skoðar Anna kokkur hvort gervirjómi henti þeim.
- **Þjóðhátíðardagur Shri Lanka** var 4. febrúar og fengum við móður Mithulee á Álfasteini, Kumari W.H. Dedara, til að lesa bút úr barnabók og syngja barnalag á þeirra tungumáli. Við flögguðum að auki fána landsins.
- **Spilavikan** var 18. - 22. febrúar og gekk hún vel. Þá fengu börnin að koma með spil með sér í leikskólann og þá var mikið spilað hvort sem var í hópastarfi eða á öðrum tímum. **Í Lundi var ákveðið að börnin kæmu eingöngu með spilastokk, 52 spil.**
- **Þjóðhátíðardagur Eistlands** var 24. febrúar og af því tilefni fengum við móður Siim á Álfasteini, Liis Vitsut, til að lesa og syngja á þeirra tungumáli. Við flögguðum að auki fána landsins.

- **Myndlistarvika** var hjá okkur 26. febrúar - 1. mars. Settar voru upp stöðvar með mismunandi verkefnum fyrir börnin. Álfasteinn og Tröllagil voru saman og hittust starfsmenn deildanna til að skipta börnunum niður í hópa og raða hópunum niður á stöðvar fyrirfram. Yngri deildarnar unnu saman en Lundur var með eigið skipulag úti sem inni. Allir sammála um að vikan hafi gengið betur í ár en í fyrra hvað skipulag varðar en betra væri að hafa í **5 daga viku en ekki 4 daga eins og núna. Anna Borg ber ábyrgð á að setja vikuna inn á dagatalið.**
- **Hattadeginum og Mottumars** var slegið saman og mælt er með því að það verði gert áfram.
- **Vor/Sumar:**
- **Páskasteinaleit** var 22. mars. Starfsmenn Tröllagils og Álfasteins földu steinana í „Stóra garði“ áður en farið var út. Börnin byrjuðu í „Miðgarði“ og áttu að skila steinunum sem þau fundu þangað. Þegar þau voru búin að finna einn stein þá máttu þau ekki fara yfir í „Stóra garð“ aftur. Allir fengu lítil konfektepli í skiptum fyrir steinana sem þau fundu. Við létum elstu börnin á deildinni aðstoða þau litlu við leitina og gekk það mjög vel. Það barn sem fann gulleggið fékk afhenta páskagrein sem hafði verið skreytt fyrir daginn. Lundur var með eigin leit í sínum garði og ber öllum saman að Þetta sé góð skipting. **Börnin fara með eplin heim á næsta ári, ekki leyfa þeim að byrja að borða þau í leikskólanum.**
- **Íþróttadagur leikskólanna** var 25. mars. Elstu árgangarnir fóru í Víðistaðaskóla í Engidal og yngstu börnin fóru í þrautarbraut inni í Kastala. Allt gekk vel og var dagurinn vel skipulagður hjá Sigu Jenný eins og alltaf. **Muna þó að það mætti leggja meiri áherslu á hlutverk starfsmanna „þeir þurfa að fylgja börnunum vel eftir“ í íþróttasalnum.**
- Í **Dymbilvikunni** var mjög góð mæting barna og var rætt um að kannski þyrfti að gera athugun á mætingu barnanna þannig að hægt sé að miða frí starfsmanna út frá því. **Anna Borg minnir deildarstjóra á að gera könnun meðal foreldra. Ef mæting barna er góð mega starfsmenn eiga von á að ekki verður hægt að gefa leyfi í þessari viku.**
- **Umhverfisvika** var 22. - 26. apríl, þá viku notuðum við til að taka til í kringum leikskólann. Í þeirri viku vorum við líka með grænan dag og komu börn og fullorðnir í einhverju grænu. Við vorum óheppin með veður og gátum þar af leiðandi ekki endað vikuna úti við eldstæðið í Lundi eins og átti að gera.

- **Hafnarjörður á iði:** Þarf að vera mun betur skipulagt, velja lögin betur og hafa þau á bandi til að þetta heyrist. Bella búin að ræða við Þránd og Önnu Maríu.
- **Foreldrasamvinnan** í vetur gekk almennt ágætlega. Við byrjuðum á því að hella upp á morgunkaffi fyrir foreldra einu sinni til tvisvar sinnum í viku en ekki voru margir foreldrar sem þáðu kaffi nema þó helst í Lundi. **Frá næsta hausti verður þetta endurskoðað og foreldrar spurðir á haustfundum hvort þeir myndu fá sér kaffi í morgunsárið ef ekki þá fellur þetta niður. Í Lundi heldur þetta áfram með óbreyttu sniði.**
- **Foreldrasamtöl hófust í mars og þeim var lokið í apríl.** Samtölin gengu mjög vel og sögðust foreldrar án undantekninga vera mjög ánægðir með leikskólann og starfið á deildum. Almennt gekk vel að skipuleggja samtölin en það gleymdist þó að láta vita þegar Kastali var tekinn undir samtöl. Það mætti þó passa að samtölin séu ekki langt fram eftir vori. **Deildarstjórar bæta úr því.**

Uppákomur og annað í skóladagatalinu:

- **Umhverfismennt:**

Í endurmatinu í fyrra kom fram að við höfðum ekki verið nógu duglegar að kenna börnunum flokkun. Við ákváðum því að búa til litlar plasttunnur fyrir ál, pappa og plast til þess að hafa inni á deild hjá okkur. Við erum mjög sáttar með stimplana sem við fengum inn á deild til þess að gefa börnunum stimpla þegar þau fara í náttúruskoðun, skola fernur, hræra í moltukassanum, gróðursetja o.fl. Þetta gerir okkur líka meðvitaðri um að leyfa börnunum að taka þátt og gera sjálf ☺

Hraunferðir gengu vel á þessu skólaári og fóru allir barnahóparnir í Lundi, á Tröllagili og á Álfasteini reglulega í „hraunið okkar.“ Allir hóparnir völdu sér forystusauð, veðurfræðing og fréttamann í ferðunum og fengust við ýmis verkefni úr bókinni „Allir út í náttúruna“ ásamt öðrum verkefnum sem til féllu hverju sinni.

Skógarferðir elstu barna. Gengu allar mjög vel. Við vorum ekki með aðgang að Skátalundi en það kom ekki að sök. Heimsóttum þó leikskólahópin þar. Fórum að auki eina ferð í Káldársel í boði Víðivalla. Í ár þá grilluðum við einu sinni úti og prufuðum að bjóða uppá pasta í stað súpu.

- **Listasmiðja:**

Listasmiðjan var vel nýtt þá daga sem Álfasteinn og Tröllagil höfðu aðgang að henni. Hún nýtist að auki mun betur á morgnana og seinnipartinn.

- **Söngstund:**

Gekk vel í vetur og gott að hafa hana á föstudögum og með öllum börnunum í einu. Frábært að skipta ábyrgð niður á deildir og vera með uppákomur af og til. **Á haustfundi deildarstjóra verður ábyrgð** skipt niður á deildir. Bella kemur inn með gítarinn þegar hún hefur tók á því. Lundur var minntur á að koma tímanlega inn á morgnana. **Við hittumst alla morgna allt árið um kring nema annað sé tekið fram. Lagavalið á að afhendast á skilaboðafundi á mánudegi fyrir söngstund.**

- **Matseðillinn:**

Maturinn hérna er til fyrirmyndar og mikill metnaður lagður í matseldina. Okkur langar til að hrósa Önnu fyrir hve frábær hún er í sambandi við að passa uppá matinn fyrir ofnæmisbörnin okkar ☺ Sumar deildir voru þó með tillögur um meiri fjölbreytni í matargerðinni og meira úrval í áleggi í nónhressingu. **Anna Guðjóns matreiðslumaður fer yfir þetta á starfsmannafundi í ágúst.**

- **Textílmenntin:**

Börnin voru alsæl með þessa tíma. Katrín Guðbjarts leikskólakennari, hélt utan um tímana í vetur og verður með krökkunum á næsta skólaári. Katrín verður fastur starfsmaður í Lundi og **ætla að þróa textílmenntina** áfram og bjóða uppá meira úrval verkefna.

- **Samverustundir:**

Hafa gengið mjög vel á öllum deildum. Gott að skipta börnum niður í smærri hópa og **eru deildarstjórar hvattir til að hafa það í huga fyrir næsta skólaár.** Álfasteinn verður með samveru seinnipartinn eftir kaffitíma á næsta ári. Tröllagil hefur verðið með þetta fyrirkomulag í vetur og reynst vel.

- **Valið:**

Gekk ágætlega og eru krakkarnir ánægðir með það. Allir hafa valið í einu og hefur það gengið vel.

- **Tónlistarstundir:**

Gengu ljómandi vel hjá Lundi en gengu ekki upp með Álfasteini og Tröllagili í vetur, gekk ekki upp að skipuleggja þær. **Framvegis eru það börnin sem eru í Lundi sem fá skipulagðar tónlistarstundir yfir veturinn.**

- **Búleikni:**

Höfum gert okkar besta en oft var það vegna manneklu sem að það gekk ekki alltaf upp, öll börnin hafa fengið að taka þátt að einhverju leyti.

- **Hljóm 2:**

Öll elstu börnin fóru í Hljóm-2 í september-október. Muna eftir **að byrja strax í september.**

- **Málörvun:**

Hún hefur gengið að mestu leyti mjög vel.

- **Að næra hjartað:**

Við erum ágætlega duglegar við að næra hjörtu barnanna, en auðvitað má alltaf gera betur. **Á fyrsta starfsmannafundi á haustin á að vera upprifjun á aðferðinni þannig að allir starfsmenn fari ferskir og vel meðvitaðir inn í veturinn í aðferðafræðinni.** Við gætum alveg verið duglegri í að hrósa hverri annarri, því að við erum jú allar svo frábærar 😊

- **Sumarvalið:**

Gekk vel og okkur fannst gott að hafa vinnuskólakrakkana með í leikjum á leikjastöð. Ef ekki er hægt að bjóða uppá sull þá er betra að bjóða uppá aðra stöð. **Ef veður er gott má setja leikföng út á palla t.d. dúkkó, kubba ofl.**

- **Vinnuþlan starfsmanna.** Gengur almennt mjög vel, vorum allar sammála um að vera duglegar að fylgja eftir því sem hver og ein á að gera. Starfsmenn eru mjög sáttir við að rúlla opnun og lokun.

Almennt er mjög brýnt að allir starfsmenn fari eftir því verkskipulagi sem deildarstjóri hefur sett upp í samvinnu við sitt fólk. Við erum einn hlekkur í langri keðju!! En munum jafnframt að við stjórnnum skipulaginu ekki skipulagið okkur!! Við verðum líka að vera með góðan sveigjanleika þegar það á við!!

Lokaorð:

Á síðasta deildarstjórafundi var ákveðið að einbeita okkur að innri málum í starfsáætlun næsta árs.

Áherslan verður þessi:

1. Vinna við Skólanámskrá.
2. Fræðsla um einhverfu fyrir alla starfsmenn.

3. Í þemavíku verður unnið í mynlist með áherslu á verðlaust efni. Það á að vinna vel með efnið, t.d. líma saman, mála og að lokum gera texta með barninu, við hvert verk. Geymt fyrir vorsýninguna.
4. Áhugi er fyrir því meðal starfsmanna yngri deilda að þróa enn frekar útikennslu og nýta betur svæðið við Lund, kennslustofuna og eldstæðið.
5. Höldum áfram að ræða og þróa vinnu okkar við að setja okkur stefnu í fjölmenningu leikskólans.

Liðinn vetur var góður vetur þrátt fyrir mikil veikindi. Haustið var gott og aðlögun til fyrirmyndar. Norsku vinkonur okkar voru frábær viðbót í hópinn og opnuðu augu margra okkar fyrir því sem við getum gert betur í útikennslu barna. Afmæli leikskólans var eftirminnilegt og ótrúlega skemmtilegt og vel að öllu staðið. Vinnan við og afrakstur þemavinnunnar um landslagið, var frábær og mikill lærdómur í tengslum við verkefnið. Opna húsið og Grænfánaafhendingin var bara stórkostleg upplifun og vel heppnað og Grænfáninn blaktir fallegur við hún!!

Ég vil þakka öllum starfsmönnum fyrir gott samstarf og metnaðarfullt framlag í vinnu á liðnu skólaári. Þeir starfsmenn sem halda í leyfi eða hætta störfum óska ég góðs gengis á nýjum slóðum!!

Ég hlakka til næsta skólaárs í vinnu með frábærum samstarfsfélögum sem fyrir eru og nýju fólki sem væntanlegt er. Það verður spennandi að takast á við ný og gömul verkefni í samvinnu við jafn flottan starfsmannahóp og við erum.

Gleðilegt sumar!!

Anna Borg

leikskólastjóri